

**Verð kr.: Hafðu samband fyrir besta verð**

Hreint út sagt frábær stjörnusjónauki fyrir byrjendur sér í lagi unga stjörnuáhugamenn. Sjónaukinn er sáraeinfaldur í notkun og ótrúlega meðfærilegur þrátt fyrir að hafa 6 tommu ljósop. Þetta er einfaldlega einn allra besti byrjandasjónaukinn sem völ er á, sérstaklega þegar mið er tekið af verðinu.

Með sjónaukanum fylgir **IntelliScope tölvustýring** sem hjálpar þér við að staðsetja þúsundir fyrirbæra á himninum handvirkt. IntelliScope er sáraeinfalt í notkun en leiðbeiningar um notkun þess er að finna hér.

Með þessum frábæra byrjandasjónauka sérðu bjartar og skarpar myndir af tunglinu og reikistjörnunum. Auðvelt er að sjá tungl og skýjabelti Júpíters og stórbrotið hringakerfi Satúrnusar og fín smáatriði á Mars á borð við pólhettur, ský og dökk- og ljósleit svæði

Djúpfyrirbæri eins og stjörnuþokur, stjörnuþyrpingar og vetrarbrautir sjást mjög vel með þessum sjónauka þar sem hann hefur nokkuð stórt ljósop. **Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefurinn mæla sérstaklega með þessum frábæra byrjandasjónauka.**

- Tegund: Dobson spegilsjónauki
- Ljósop: 6 tommur (150mm)
- Brennivídd: 1200mm
- Brennihlutfall: f/8
- Birtumörk: +13,5
- Mesta gagnlega stækkun: 300x
- Stjörnuljósmyndun: Nei, nema aðeins einföld tunglmyndataka

## Hvað fylgir með?

- Allt sem sést á myndinni

- IntelliScope tölvustýring
- 25mm Sirius Plössl augngler (48x stækkun)
- 10mm Sirius Plössl augngler (120x stækkun)
- 6x30 leitarsjónauki
- Tveggja ára ábyrgð

## Þarf ég eitthvað fleira?

Gagnlegir fylgihlutir fyrir SkyQuest XT6 IntelliScope. Hafðu samband ef þú vilt fá hjálp við valið.



**Augngler**

Augngler eru langmikilvægustu fylgihlutir stjörnusjónauka. Þau ráða bæði stækkun og sjónsviði hans og

[Sjá nánar.]()



**Tungl- og sólarsía**

Síur geta reynst mjög gagnlegar í stjörnuskoðun. Tunglsía er mjög gagnleg til að skoða tunglið þar sem

[Sjá nánar.]()



## Starry Night Enthusiast hugbúnaðurinn

Starry Night hugbúnaðurinn er einn allra besti stjörnufræðihugbúnaður sem völ er á. Með honum er hæg

Sjá nánar .



## Burðartaska

Hægt er að mjúka en mjög sterka og góða burðartösku fyrir alla SkyQuest Dobsonsjónaukana frá Orion.